

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, mislæg gatnamót.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. desember 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016.

Í breytingunni felst að almennu útivistarsvæði sunnan Miklubrautar og athafnasvæði norðan Miklubrautar við Skeiðarvog er breytt í helgunarsvæði stofnbrauta, þar sem fyrir-
huguð eru mislæg gatnamót.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til stað-
festingar.

Umhverfissráðuneytinu, 7. desember 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Siglufjarðar 1980-2000, hafnarsvæðið.

Að ósk bæjarstjórnar Siglufjarðarkaupstaðar hefur ráðherra þann 7. desember 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Siglufjarðarkaupstaðar frá 15. mars 1982, sbr. 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin er í fimm liðum:

- Gránugata endar við Tjarnargötu í stað þess að liggja niður á „Fjörugötu“ við bensínlóð.
- „Fjörugata“ verður samfelld frá Aðalgötu að Öldubríót með þrengingu við SR-verksmiðju.
- Iðnaðarlóð er felld út á Hafnarbryggju í stað byggingar sem er í smíðum við hús Þormóðs ramma.
- Nýr hafnarkantur og fylling milli Öldubríóts og SR-bryggju.
- Lenging Öldubríóts til suðurs.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Umhverfissráðuneytinu, 7. desember 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.